

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1989

V

KÖNNUN Á VEGARSTÆÐI

Í LANDI ÖLFUSVATNS

Guðmundur Ólafsson



1991/2007 REYKJAVÍK

© 1991/2007 Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands
Fyrsta útgáfa 1991.
Önnur endurbætt útgáfa með litmyndum 2007.

*Forsíðumynd: Horft til norðausturs yfir fyrirhugað vegstæði. Fjárborg er á miðri mynd.
Sigurður Hannesson og Sigþór Jóhannesson standa til hægri. (G.Ó.)*

ÖLFUSVATN Í GRAFNINGI

KÖNNUN Á VEGARSTÆÐI 20.11.1989

Föstudaginn 17. nóvember var haft samband við Þjóðminjasafnið og tilkynnt um að til stæði að leggja nýjan veg í landi Ölfusvatns Í Grafningshreppi (Táknatala sveitarfélags 8715) niður að sumarbústaðabyggð við Þingvallavatn, og væri fyrirsjáanlegt að hann mundi spilla gömlum rústum sem þar væru á svæðinu.



Mynd 1. Yfirlitskort af svæðinu. Fjárborgin er merkt með rauðu inn á kortið.

Að beiðni Þjóðminjavarðar hafði ég á mánudagsmorgun 20. nóvember samband við Sigurð Hannesson, bónda á Villingavatni, en hann þekkir þarna vel til allra staðhátta. Hann taldi að vegarstæðið lægi yfir hól einn sem væri að öllum líkindum rústaleifar. Landið sem um ræðir er í eigu Hitaveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar og eru þessar framkvæmdir á þeirra vegum. Hafði ég samband við Gunnar Kristinsson hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Honum var ekki kunnugt um að rústir hefðu lent í fyrirhuguðu vegarstæði. Einnig var haft samband við Fjarhitun (s. 628955), sem annast framkvæmdir á svæðinu fyrir Hitaveituna.

Samkomulag varð við Sigbór Jóhannesson hjá Fjarhitun, um að ég kæmi á staðinn og kannaði aðstæður, þannig að hægt væri að ganga úr skugga um það sem fyrst, hvað um væri að ræða, og hvort taka þyrfti tillit til minjanna og færa veginn eða fresta framkvæmdum þar til rannsókn hefði farið fram. Ákveðið var, að hittast strax eftir hádegið og reyna að komast að niðurstöðu í málinu.


Það ég Sigurð bónda á Villingavatni einnig að koma á staðinn til að sýna okkur Jóhanni Hektorssyni frá Fjarhitun þær rústir sem væru í hættu.

Vettvangskönnun

Í ljós kom, að í stórþýfðum móa, um 300 m suðsuðvestan við gamla bæjarstæðið, voru leifar af hringlaga fjárborg, sem lent hafði innan veglínunnar. Tóftin rís um 1,5 m upp yfir þýfið umhverfis og er um 4,2 x 4,7 m breið að innanmáli. Veggirnir eru tæplega 1 m breiðir og um 0,3 - 0,4 m háir að innanverðu, en að utanverðu hallar þeim með nokkrum fláa niður á jafnsléttu. Rof var í vegginn til vesturs. Líklega eru þarna eldri byggingarleifar undir þeirri fjárborg sem nú sést.



Mynd 2. Horft til norðausturs yfir svæðið. Stikur marka nýtt vegstæði. Fjárborgin er fyrir miðri mynd. (G.Ó.).



Mynd 3. Uppdráttur af bæjarstaði Ölfusvatns og afstöðu fyrirhugaðs vegstæðis. Fjárborgin er innan í miðjum grænum hring.

Athugasemdir og niðurstöður

Eftir að hafa kannað aðstæður á vettvangi taldi ég rétt að reyna að varðveita þessar minjar, og aðrar sem tengjast hinum gömlu búskaparháttum, í landi Ölfusvatns. Samkomulag varð um að færa vegarstæðið vestur fyrir rústina, þannig að vegurinn lægi um 10 metrum vestan við hana, í stað þess að fara yfir hana.

Ölfusvatnsá rennur í bugðum skammt austan við fjárborgina og hefur brotið drjúgt úr bakkanum á síðustu árum, þar sem hann er líklega um 2,5 - 3 m hár. Ætla má að hún muni brjóta sér leið áfram til vesturs á næstu árum. Vegna þýfisins og snjóhulu, var erfitt að greina hvort fleiri rústir væru þarna á framkvæmdasvæðinu. Þetta þyrfti að kanna betur að sumarlagi.

Elstu heimildir

Greint er á eftirfarandi hátt frá fyrstu búsetu á Ölfusvatni í Harðarsögu. Þar segir m.a. í 2. kafla: "Grímkell bjó fyrst suður að fjöllum skammt frá Ölfusvatni. Þar er nú kallað á Grímkelsstöðum og eru nú sauðahús... Hann færði bú sitt... til Ölfusvatns, því að honum þóttu þar betri landkostir" (Íslendingasögur og þættir II, 1987:1253).

Friðlýstar minjar

Í landi Ölfusvatns eru eftirtaldar minjar friðlýstar:

1. Girðing forn, er nefnist Grímkelsgerði og stór þúfa í því, nefnd leiði Grímkels. Sbr. Árb. 1899:2 og umfjöllun hér að neðan.
2. Jarðfastur grágrýtissteinn, með áletruninni VES+1736; hann er í túninu, suðaustan við gamla fjárhústóft, nær hulinn jarðvegi.

Gamla bæjarstæðið



Mynd 4. Hluti af rústum gamla Ölfusvatnsbæjarins. Horft til suðvesturs. "Hofkofi" sést sem þúst í túninu, aftarlega fyrir miðju. (G.Ó.)



Mynd 5. Á bæjarhlaðinu fyrir framan bæinn er stór bollastein,. Ofan í hann er klappaður um 20 cm breiður og um 10 cm djúpur bolli. Brynjúlfur nefnir einnig þennan stein í frásögn sinni

Sigurður gekk með okkur Jóhanni um gamla bæjarstæðið og sagði frá sýnilegum leifum helstu mannvirkja. Ein aflöng þúst var rétt innan túngarðsins, e.t.v. um 3 x 5 m í þvermál og um 0,5m há. Fjárhústótt var í túninu suður af gamla bæjarstæðinu, allhár hóll. Þar heitir Hofkofi, og er að sögn staðurinn þar sem hof á að hafa verið til forna. Sigurður sagði að leiði Grímkels hefði verið þekkt áður fyrr, en nú vissu líklega fáir eða enginn um það.

Samkvæmt frásögn Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899, er eitt af fjárhúsunum í túninu þá kallað "hofhús", og að "*Grímkelsgerði* heitir forn girðing þar austur á túninu, hér um bil 1 dagsláttu að stærð. Suðvestast í henni er sýnt *leiði Grímkels*. Það er þúfa mikil, nær 5 fðm. löng og nær 1 fðm. á breidd við suðurendann, en mjó í norðurendann, og um 2 al. á hæð." (Brynjúlfur Jónsson, 1899:1-3).

Sennilega er Hofkofi sama fjárhústóft og Brynjólfur nefnir hofhús.

Ekki er með vissu hægt að staðsetja svonefnt Grímkelsleiði eða áletraða steininn, enda var það ekki markmið ferðarinnar að þessu sinni.

Bæinn þyrfti að mæla upp. Innangengt virðist hafa verið úr bænum í fjósið, sem var bakatil við bæinn. Mókofi var nyrst í húsaröðinni og snéri gaflum fram á hlað.

Myndir voru teknar af fjárborginni, bollasteininum og frá bæjarstæðinu í áttina að Hofkofa og fjárborginni.

Þá ókum við Jóhann niður með vegarstæðinu til norðurs í átt að vatninu til að kanna hvort fleiri minjar gætu verið á þessari leið, en urðum ekki varir við neitt á yfirborði sem benti til þess.

Heimildir

Brynjúlfur Jónsson 1899. Rannsókn sögustaða í Grafningi í maímán. 1898. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Bls. 2 - 5. Reykjavík.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. 1990.

Íslendingasögur og þættir II, 1987. Svart á hvítu. Reykjavík.

Landmælingar Íslands. Kortadiskur 2.